



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóli LFA

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra Korpukots	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	5
2.1	Innra mat leikskólans	6
2.2	Aðrir þættir í innra mati	7
2.3	Ytra mat.....	8
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	8
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	10
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	11
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	12
7.	Foreldrasamstarf	12
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
9.	Þróunarverkefni.....	15
10.	Fylgiskjöl:	15
10.1	Innra mat deilda 2025-2026	15
10.1.1	Sælukot.....	15
10.1.2	Sunnukot	16
10.1.3	Bjartakot.....	16
10.1.4	Fagrakot.....	17
10.1.5	Geislakot.....	18
10.1.6	Kríukot	19
10.1.7	Lóukot.....	20
10.1.8	Krummakot.....	21
10.2	Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027	22
10.2.1	Sælukot.....	22
10.2.2	Sunnukot	24
10.2.3	Bjartakot.....	25
10.2.4	Fagrakot.....	26
10.2.5	Geislakot.....	27
10.2.6	Kríukot	28
10.2.7	Lóukot.....	31
10.2.8	Krummakot.....	33
10.3	Umsögn foreldraráðs.....	37



1. Greinargerð leikskólastjóra Korpukots

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af menntastefnu Reykjavíkurborgar, aðalnámskrá og skólanámskrá LFA. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum, rekstraraðila og skóla- og frístundasviði Reykjavíkur upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á liðnu skólaári en síðastliðið haust sameinuðust Fossakot og Korpukot undir einu þaki í húsnæði Korpukots. Við það bættist fimmta deildin á efri hæð hússins þar sem elstu börn skólans dvelja hverju sinni. Þegar ráðist er í svo umfangsmiklar breytingar skiptir höfuðmáli að vanda til verka, að varðveita það sem vel hefur verið gert og byggja ofan á þann góða grunn sem fyrir er. Megintilgangur sameiningarinnar er að auðga starfið og dýpka þau gildi sem við höfum að leiðarljósi, svo sem hlýjuna og þann góða starfsmannahóp sem við búum að. Við teljum jafnframt að í krafti stærðarinnar séu fólgin fjölmörg tækifæri til að skapa öflugri leikskóla þar sem við verðum sterkari saman. Með sameiningunni skapast einnig aukið rými fyrir markvissa skólaþróun í takt við aðalnámskrá auk þess sem stjórnendur fá meira svigrúm til að sinna þessari skólaþróun, mannauðsmálum og veita starfsfólki faglegan stuðning. Stefnan er sett á að efla faglega umræðu og innleiða lifandi lærdómssamfélag þar sem við nýtum reynslu okkar til að vaxa og dafna til framtíðar.

Á liðnu skólaári var einmitt skapaður vettvangur til að ræða skólaþróun. Þar bauðst öllu starfsfólki að taka þátt í að móta framtíð skólastarfsins með umræðum um hvernig við getum eftt gæði menntunar, aukið samvinnu og þróast áfram. Starfsfólk var hvatt til að deila hugmyndum sínum og reynslu í opnu samtali og með því að rýna á þennan hátt í starfið okkar tel ég að við getum skapað enn innihaldsríkara leikskólastarf til framtíðar. Við viljum standa vörð um leikskólastarf sem raunverulega þjónar börnum og setur vellíðan og menntun þeirra í brennidepil. Hjartað í slíku starfi er viðhorf okkar allra sem í skólanum störfum. Ef viðhorf okkar einkennast af virðingu, hlýju og faglegri umhyggju þá getum við treyst því að hér dvelji börn sem finna fyrir öryggi og umhyggju og fá rými til að rannsaka og læra. Því vegna þess að þegar öllu er á botninn hvolft þá vex hugrekki til að prófa, spyrja og skapa í öruggu umhverfi.

Ný skólanámskrá hefur verið gefin út og við erum ákaflega stolt af þeirri vinnu sem lögð var í verkefnið. Öll sem koma að leikskólanum á einhvern hátt hafa mótað skólanámskrána okkar. Hún endurspeglar



áherslu okkar í starfinu, gildin okkar og hugmyndafræði, grunnþætti menntunar og fleira. Leitast var við að raddir barnanna sjálfra fengi hljómgrunn í námskránni.

Innleiðing á 36 stunda vinnuviku kallar á breytingu í skilulagi svo hægt sé að tryggja sem best jafnvægi á milli fjölda barna og starfsfólks og hverjum tíma. Reykjavíkurleiðinni er ætlað að gera okkur kleift að mæta breyttum vinnutíma án þess að það komi niður á menntun barna, þjónustu við fjölskyldur eða starfsumhverfi. Liður í því er að hvetja foreldra sem stytta viðveru barna sinna að miða við að föstudagsvistun ljúki eigi síðar en kl. 15:00. Gert er ráð fyrir að komandi skólaár muni sýna okkur fram á hvort þessu markmiði verði náð.

Ég hlakka til komandi skólaárs í Korpukoti og þess að starfa með frábærum hópi samstarfsfólks og forvitnum börnum í umhyggjusömu, hvetjandi og gróskumiklu umhverfi.

Kristín Björk Viðarsdóttir, 10.maí 2026



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Mat á leikskólastarfi leggur faglegan grundvöll að endurbótum og tryggir að réttindi nemenda séu virt. Matið er tvíþætt, annars vegar er um að ræða svokallað ytra mat. Það er mat sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélagi, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra. Innra mat er hins vegar það mat sem skólar framkvæma sjálfir og er það einnig samofið daglegu starfi. Innra mat er samstarfsverkefni starfsfólks leikskólans og nemenda. Leitað er eftir sjónarmiðum um það sem vel er gert en jafnframt því sem betur má fara í leikskólastarfinu. Lögð er áhersla á umbætur og að bregðast vel við ábendingum foreldra.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram. Í upphafi er ákveðið hvaða þætti skuli meta hverju sinni. Því næst er að safna saman gögnum sem varpa ljósi á þá þætti sem á að meta. Svo fer fram greining á þeim þáttum með tilliti til þeirra viðmiða sem lagt var upp með frá fyrra skólaári. Niðurstöður eru skoðaðar þ.e. hverjir styrkleikarnir eru og tækifæri til umbóta ígrunduð. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð umbótaáætlun og vinna skipulögð út frá henni.



Símat er í TRAS vinnu-

stundum og hópastarfi. Þá eru fylltur út þar til gerður skimunarlisti og skráningarblöð eftir hverja vinnustund til ígrundunar. Samantekt er svo í lok hvorrar annar fyrir sig.

Fastur liður í daglegu starfi er svokallað óformlegt mat. Það fæst með því að hlusta eftir samtölum nemenda á milli sem og að eiga samtöl við starfsmenn, nemendur og foreldra þeirra. Stjórnendateymi hittist einnig daglega til að leggja drög að deginum og þá um leið eru metnir hinir ýmsu þættir starfsins sem umræða er um hverju sinni eins og hvað sé gott og vel gert, hvað mætti betur fara o.þ.h.

Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf nemendanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá þá til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning. Orðið hefur mikil vakning meðal alls starfsfólks um mikilvægi mats og skráninga.

2.1 Innra mat leikskólans

Hvað var metið? Skólanámskrá	
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk, deildarstjóra, foreldra og nemendur.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar og starfsfólk leikskólans, ráðgjafar hjá Skóla- og frístundasviði RVK borgar
Helstu niðurstöður mats	Foreldraráð telur nýja námskrá skýra, vel uppbyggða og aðgengilega. Það telur námskrána lýsa vel hvernig leikskólinn vinnur markvisst að markmiðum sínum. Það segir stefnu leikskólans skýra og ríma vel við markmið aðalnámskrár. Foreldraráð telur námskrána endurspegla hlýju, fagmennsku og skýra sýn á velferð barna, félagsfærni og trú barna á eigin getu.

Hvað var metið? Menntastefnuteymi	
Hvernig fór matið fram?	Komst ekki til vinnslu sökum veikindaleyfa.
Hverjir tóku þátt í matinu?	--
Helstu niðurstöður mats	--

Hvað var metið? Vinnustaðasamfélag	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannasamtöl, viðhorfskönnun starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður könnunarinnar sýna mjög mikla almenna ánægju meðal starfsfólks. Svör voru yfirgnæfandi jákvæð hvað varðar stjórnun, samstarf, samskipti og framtíðarsýn. Traust til stjórnenda er sterkt. Samstarf og menning eru í góðu jafnvægi og óhætt er að áætla að vinnustaðurinn sé vel í stakk búinn til að takast á við framtíðarbreytingar.

Hvað var metið? Aukin teymisvinna deildarstjóra	
Hvernig fór matið fram?	Samtal við deildarstjóra og nútur.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildarstjórar og stjórnendur.
Helstu niðurstöður mats	Rými til samvinnu hefur aukist með bættri aðstöðu og fundum hefur fjölgað. Enn er þó tækifæri til umbóta.

2.2 Aðrir þættir í innra mati

Í janúar 2026 var viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra barna sem fluttust úr Fossakoti í Korpukot, úrtak sem telur 17 manns, alls bárust 14 svör. Þó úrtakið hafi ekki verið stórt enda ekki um stóran barnahóp að ræða þótti mikilvægt að greina hvernig foreldrar upplifðu sameiningu Fossakots og Korpukots og flutning milli húsanna tveggja og um leið gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Niðurstöður sýndu almennt jákvæða afstöðu foreldra til sameiningarinnar og starfs í Korpukoti. Meirihluti foreldra upplifði að upplýsingagjöf og aðgengi að svörum hafi verið gott, börnin hefðu aðlagast vel og myndað góð tengsl við starfsfólk sem séu nú sterk. Foreldrar mæla almennt með Korpukoti og telja sameininguna vel heppnaða. Fram kom að foreldra upplifðu að stjórnendur hefðu verið sýnilegir og til staðar í gegnum ferlið. Þó komu fram fáein svör sem bentu til þess að ekki öll upplifðu sig nægilega vel upplýst. Það gefur tækifæri til að styrkja enn frekar einstaklingsmiðuð samskipti í sambærilegum ferlum í framtíðinni. Foreldrahópurinn telur sameiningu Fossakots og Korpukots almennt vel heppnaða og meirihluti foreldra segist geta mælt með Korpukoti við aðra foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sendir út, annað hvert ár, rafræna könnun til foreldra barna með lögheimili í Reykjavík. Markmið slíkrar könnunar er að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við nemandann sem og upplýsingaflæði og stjórnun. Í Korpukoti dvelja börn frá ólíkum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna var ákveðið að senda viðhorfskönnun til allra foreldra í Korpukoti, óháð búsetu, til að skoða og greina hvað er vel gert og hvar úrbóta er þörf. Könnunin var send úr í apríl 2026 og stóð foreldrum opin í fimm sólarhringa. Svarhlutfall var lágt eða tæplega 32% samt sem áður þótti fullt tilefni til að greina svör og rýna í niðurstöður til að sjá hvar úrbóta er þörf.

Niðurstöður sýna að ánægja foreldra í Korpukoti er mikil og flestum spurningum er hlutfall jákvæðra svara um 90%. Þegar á heildina er litið segjast 98,4% foreldra vera ánægðir með Korpukot og 93,4% myndu mæla honum við aðra foreldra. Lesa má af niðurstöðum að foreldrar upplifi að börnunum þeirra líði vel og sé sinnt af starfsfólki sem þekkir þarfir þeirra og veitir þeim viðeigandi stuðning. Þá má einnig sjá að samskipti heimilis og skóla séu góð og telja flestir foreldrar sig hafa greitt aðgengi að upplýsingum og stjórnendum. Þá er starfsandi og andrúmsloft innan leikskólans talið hlýlegt og notalegt.

Þó þema svaranna sé jákvætt má alltaf gera úrbætur en fram kemur að hluti foreldra telur sig ekki þekkja áherslur og stefnu leikskólans auk þess sem foreldrar telja leikskólann ekki hvetja þá nægilega vel til þátttöku í leikskólastarfinu, úrbætur á þessu er þarfar og áætlaðar á komandi skólaári.

Þegar á heildina er litið má sjá að Korpukot stendur vel og nýtur trausts í foreldrahópnum. Börnum líður vel, foreldrar eru ánægðir og starfsemin er traust. Á sama tíma sýna niðurstöður vísbendingar um hvernig er hægt að styrkja starfsemina enn frekar með aukinni miðlun upplýsinga, áframhaldandi þróun starfshátta og aukinni þátttöku foreldra.

2.3 Ytra mat

Ekkert ytra mat fór fram á skólaárinu.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þessi umbótaáætlun er sett fram af stjórnendum og er ætlað að vera til umbóta fyrir leikskólann í heild í sinni. Hver deild setur fram eigin umbótaáætlun (sjá fylgiskjal 10.1 og 10.2) og sýnir með nánari hætti hvernig nálgast má markmiðin með aldur og þroska barna í huga hverju sinni. Umbætur taka mið af menntastefnu Reykjavíkur og skólanámskrá.

Stjórnun/Foreldrasamstarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aukin þátttaka foreldra.
Tækifæri til umbóta	Skapa vettvang fyrir foreldra til að hafa meiri áhrif.
Aðgerðir til umbóta	Opið samtal um leikskólastarf, skólaþróun og fleira á súpufundi með foreldrum.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í foreldrasamtölum á vorönn og viðhorfskönnun foreldra.
Viðmið um árangur	Aukin þátttaka foreldra og greiðara aðgengi þeirra að samtali um starf leikskólans. Jákvæðari svör í foreldrakönnun um þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Menntastefnuteymi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Auka vægi, sýnileika og mikilvægi menntastefnu Reykjavíkur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja á fót og leiðbeina þverfaglegu Menntastefnuteymi innan leikskólans í átt að markmiðum menntastefnunnar.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundagerðir og skráning á samtölum.
Viðmið um árangur	Kröftugt teymi innan leikskólans sem stefnir á að ljúka markmiðum menntastefnu Reykjavíkur á næstu árum og skýr framkvæmdaráætlun

Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aukin þátttaka allra í skólabróun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Auka faglega umræðu og gefa rými fyrir lærdómssamfélag til að stuðla að öflugri skólabróun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fundir og opin samtöl.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundagerðir og yfirferð í lok skólaárs.
Viðmið um árangur	Samheldinn hópur starfsfólks sem nýtir styrkleika hvers og eins til að vinna að sameiginlegum markmiðum

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Okkar eigin áttaviti – Viðburðaskráningar og mat
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda utan, skrá og meta viðburði sem hafa það að markmiði að efla gæðastarf skólans og starfsmannahópinn sem heild.
Aðgerðir til umbóta	Skráning og utanumhald viðburða.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 og til frambúðar.
Hvenær og hvernig á að meta?	Vor 2027, skráningar í viðburðardagsbók og starfsþróunarsamtöl
Viðmið um árangur	Áttaviti stjórnenda að gæðastarfi og samheldnum starfsmannahóp.

4. Starfsþróunarsamtöl

Það er stefna LFA að stjórnendur séu aðgengilegir og starfsfólk geti ávallt leitað til þeirra til að ræða málefni sem brenna á þeim eða jafnvel einungis að koma aðeins við á skrifstofunni til að spjalla. Stjórnendur veita svokölluð umhyggjusamtöl og halda utan um þau skráningar, telji þeir þörf á. Öllu starfsfólki var boðið upp á starfsþróunarsamtöl með leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra í janúar 2026. Samtölin voru boðuð með tveggja vikna fyrirvara svo starfsfólk hefði tækifæri til að undirbúa sig. Útbúinn var gátlisti þar sem fram koma hvað stjórnendur vildu helst ræða þó opið væri fyrir önnur umræðuefni að frumkvæði starfsfólks. Þetta var gert til þess að starfsfólk hefði tækifæri til að undirbúa sig og þannig kæmi ekkert á óvart í samtalinu. Starfsþróunarsamtölin gengu heilt yfir vel og mátti merkja samheldni og jákvæðan brag í þeim flestum. Fólk var hvatt til að sækja sé endurmenntun eða námskeið og því leiðbeint ef það óskaði eftir því.

Eins og fram hefur komið í mati var viðhorfsskönnun send öllu starfsfólki í nóvember 2025 og var svarhlutfall hennar um 83%. Meginmarkmið hennar var að skoða stjórnun og forystu, samstarf og vinnustaðamenningu, vinnuumfang og líðan og samskipti og upplýsingaflæði. Þá var einnig komið inn á spurningar um þá sameiningu sem hafði átt sér stað um haustið, samheldni í nýsameinuðum starfsmannahóp og framsíðarsýn starfsfólks. Niðurstöður könnunarinnar sýndu almenna ánægju meðal starfsfólks og voru svör yfirgnæfandi jákvæð hvað varðar stjórnun, samstarf, samskipti og framtíðarsýn.

Merkja mátti að starfsfólk beri mikið traust til næsta yfirmanns og flest upplifi að þau geti leitað eftir stuðningi þegar þörf er á. Stjórnun er þannig almennt talin styðjandi og sanngjörn. Niðurstöður sýndu einnig að upplýsingagjöf frá stjórnendum er skýr og og með góðum fyrirvara.

Niðurstöður bentu einnig til þess að starfsfólk upplifir virðingu í samskiptu, að mikil samheldni og góður liðsandi ríki. Starfsfólk virðist treysta sér til að láta skoðanir sínar í ljós og andrúmsloftið á vinnustað er almennt jákvætt og styðjandi. Flest telja að vinnuálag sé hæfilegt upplifa að þeim sé treyst í starfi. Lítil merki eru um ofálag og jafnvægi milli vinnu og einkalífs virðist almennt gott.

Þegar sameining Fossakots og Korpukots er skoðuð má sjá á niðurstöðum að mikill áhugi er á framhaldinu. Meirihluti starfsfólks virðist jákvæður gagnvart sameiningu leikskólanna. Úr svörum starfsfólks má sjá að það treysti því að sameining leikskólanna og breytingar í kjölfarið hafi verið vel undirbúið og faglega unnið. Starfsfólk taldi sig vel upplýst um ákvarðanir og voru breytingar kynntar á skýran hátt. Þá mátti einnig merkja að starfsfólk upplifði að það væri hluti af ferlinu.

Helstu niðurstöður viðhorfsskönnunarinnar sýna að almenn starfsánægja er mikil, traust til stjórnenda er sterkt og samstarf og menning eru í góðu jafnvægi. Þannig má túlka af niðurstöðum að

vinnustaðurinn sé vel í stakk búinn til að takast á við og stefnumótun og skólaþróun. Þó að niðurstöður könnunarinnar sýni fram á styrkleika vinnustaðarinnar eru alltaf tækifæri til umbóta en þau snúa fyrst og fremst að því að styrkja enn frekar traust, gagnsæi og þátttöku allra.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Hér að neðan má sjá þá endurmenntun, fræðslu og starfsþróun sem átti sér stað veturinn 2025-2026.

- *Málörvun, leikur og læsi í leikskólum, fæðslufundir.* Miðja máls og læsis. Deildarstjórar Korpukots. Skólaárið 2025-2026
- *Íslenski þroskalistinn, réttindanámskeið.* Þroskalistinn. Sérkennslustjóri Korpukots. September 2025
- *Vegvísar – Leið að gæðastarfi.* Samtök sjálfræðra skóla. Stjórnendur Korpukots. Október 2025
- *Þegar gleðin verður áskorun: EKKO mál og hlutverk stjórnenda.* Auðnast. Stjórnendur Korpukots. Nóvember 2025
- *Mannauðsmál frá A-Ö.* Endurmenntun Háskóla Íslands. Stjórnandi Bakkakots. Sep.-des. 2026
- *Réttindanámskeið EFI-2.* Miðja máls og læsis. Sérkennslustjóri Korpukots. Janúar 2026
- *Lubbi finnur málbein.* Eyrún Ísfold Gísladóttir. Allt starfsfólk LFA. Janúar 2026
- *Stjórnendaráðgjöf og fræðsla.* Heilsuvernd. Stjórnendur Korpukots. Febrúar 2026
- *Námskeið í vinnurétti.* Samtök sjálfræðra skóla. Stjórnendur LFA. Mars 2026
- *Námskeið fyrir Öryggistrúnaðamenn og öryggisverði.* Vinnuverndarnámskeið ehf. Öryggistrúnaðamaður Korpukots. Mars 2026
- *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga – Fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum.* Allt starfsfólk LFA. Skólaárið 2025-2026

Spjall um skólaþróun er viðburður sem haldinn er í Korpukoti, eins oft og vilji er fyrir hendi. Á líðandi skólaári var það einu sinni á hvorri önn. Spjall um skólaþróun snýst um að stjórnendur, kennarar og leiðbeinendur hittist og spjalli um skólaþróun Korpukots á jafningjagrundvelli þar sem litið er svo á að öll hafi eitthvað til málanna að leggja, deili hugmyndum og reynslu og að gefið sé rými fyrir ólíkar skoðanir og áhersla lögð á að raddir allra hafa vægi. Með því að rýna á þennan hátt í starfið má leiða líkum að því að hér getum við skapað enn innihaldsríkara leikskólastarf og þróast áfram. Það er frjáls mæting á Spjall um skólaþróun en mæti fólk fær það greitt fyrir það samkv. kjarasamningi.

Sú endurmenntun sem stefnt er að er meðal annars námsferð til Gdansk í Póllandi, hinsegin fræðsla fyrir starfsfólk og endurnýjun á skyndihjálparnámskeiði fyrir starfsfólk leikskóla auk þess fer allt

starfsfólk leikskólans á námskeiðið *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga* – Fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum á vegum BOFS.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vegna staðsetningar Korpukots og búsetu nemenda hefur ekki verið skipulagt samstarf við grunnskóla. Stefnt er ávallt að því að vera í samstarfi við grunnskólana og fylgjast að í heimsóknir með leikskólum hverfisins í samvinnu við foreldra. Bakkakot er í íbúahverfi og gert er ráð fyrir samstarfi við grunnskóla hverfisins í náninni framtíð eða þegar elstu börnin þar hafa náð þeim aldri. Leikskólinn boðar til skilafundar þegar barn hefur notið sérkennslu, einnig ef þess er sérstaklega óskað. Leikskólastjóri eða sérkennslustjóri sendir með leyfi foreldra/ forráðamanna greinargóðar upplýsingar og önnur gögn sem talin eru nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar grunnskólagöngu nemanda til viðkomandi grunnskóla í maí/júní ár hvert. Á komandi skólaári verður sá háttur hafður á að hverju og einu barni verður skilað yfir á næsta skólastig með þar til gerðu eyðublaði og þess gætt að einungis upplýsingar sem sem taldar eru nauðsynlegar fyrir skólastarfið og velferð barnsins komi fram. Afrit af forsiðu TRAS og HLJÓM-2 fylgir hverju barni yfir á næsta skólastig.

Í ár fóru öll börn í útskriftarárgangi leikskólans í skólaheimsókn að frumkvæði foreldra sinna og unnu foreldrar hvort með öðru, grunnskólunum og leikskólanum í að því að skipuleggja þessar heimsóknir.

7. Foreldrasamstarf

Eins og fram kemur í umbótaáætlun stjórnenda stendur til að bjóðum foreldrum að taka þátt í opnu samtali um leikskólastarfið og skólaþróun á súpufundi á haustönn 2026.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í hvorum leikskóla fyrir sig, kosið er í þau á hverju hausti. Á þessu skólaári keypti foreldrafélagið gjafir fyrir jólasveininn á jólaballinu, sýningu og annað skemmtiatriði á sumarhátíð barnanna sem og leikföng í íþróttasal leikskólans.

Foreldraráð

Í Leikskóla LFA er starfandi foreldraráð en í því sitja fimm foreldrar ásamt leikskólastjóra. Kosið var í foreldraráð í október 2025 í kjölfar þess að óskað var eftir framboðum á foreldrafundum fyrr í sama mánuði.



Foreldrafundir

Nývistunarfundur fyrir síðasta skólaár var 26.maí 2025 og búið er að boða börn sem hefja leikskóladvöl haustið 2026 á kynningarfund þann 9.júní 2026.

Foreldrum barna var boðið á foreldrafundi í október 2025, fundum var þá skipt eftir deildum. Markmið fundanna var að kynna vetrarstarf leikskólans fyrir foreldum, óska eftir framboðum í foreldrafélag og -ráð og til að auka aðgengi foreldra að leikskólanum og starfsfólki hans.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru haldin í mars ár hvert. Foreldrar og forsjárfólk er hvatt til að skrá sig í samtal hjá viðkomandi deildarstjóra og gefst þá tækifæri til að, eiga samtal m.a. um félags-, mál- og hreyfiþroska barns síns og meta framfarir í þroska, væntingar til leikskólans, samstarf heimilis og skóla og óska eftir ráðgjöf.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

Korpukot

Birt með þyrvara um breytingar

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 F	1 M	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 Miðdagur verksuðunnar	3 F	3 L	3 M	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F kl. 9:00	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 Þ	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 Þ	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 S	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 M	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 L	21 F	21 M	21 S	21 F	21 S	21 M	21 Þ	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 S	23 M	23 M	23 Þ	23 F	23 S	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 S	29 M	29 S	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 F	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 L	31 M	31 F	31 L

I reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þeir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skipulagsdagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga skýja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólaþjónir ákveður, að höfuð samtiði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða loki samkvæmt tíu til tuttugu virka daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólaþjónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Þróunarverkefni

Eins og stendur er leikskólinn Korpukot ekki í neinu þróunarverkefni.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

10.1.1 Sælukot

Styrkleikar

- Hlýlegt, öruggt og jákvætt námsumhverfi.
- Faglegt og umhyggjusamt starfsfólk.
- Gott samstarf og upplýsingaflæði við foreldra.
- Markviss málörvun í daglegu starfi.
- Börn taka virkan þátt í leik og verkefnum.
- Góð samvinna og starfsandi á deildinni.
- Áhersla á félagsfærni, sjálfstæði og vellíðan barna.

Tækifæri

- Efla samfellu í starfi til að mæta manneklu
- Styrkja áætlanir og skipulag verkefna.
- Auka notkun myndræns stuðnings í starfi.
- Efla samvinnu milli deilda.
- Auka fjölbreytni í hópastarfi og verkefnum.
- Styrkja skráningar og eftirfylgni með framförum barna.
- Efla útikennslu og nýtingu nærumhverfis.

10.1.2 Sunnukot

Styrkleikar

Deildin var lokuð skólaárið 2024-2025 og þess vegna var ekki sett fram umbótaáætlun. Sunnukot opnaði aftur í ágúst 2025. Þegar litið er yfir liðið skólaár hefur gengið vel. Aðlaganirnar tóku sinn tíma vegna þess aðlaga þurfti einnig nýtt starfsfólk. Þrátt fyrir áskorarnir hefur okkur gengið vel sem liðsheild. Í hópnum ríkir mikil jákvæðni, drifkraftur, gleði og samheldni.

Tækifæri

Áskorarnir fólust í því að koma deildinni aftur í fyrra horf eftir tímabundna lokun vegna þjálfunar nýs starfsfólks og í því að festa í sessi gott skipulag á starfi deildarinnar. Við teljum þetta sem tækifæri til úrbóta á næsta skólaári.

10.1.3 Bjartakot

Styrkleikar

Gengið hefur vel að vinna með vísur og þulur. Farið er með þulur og vísur með börnunum og þau taka virkan þátt.

Lýðræði hefur aukist og meira er hlustað eftir hugmyndum barna. Börnin fá að velja sér efnivið í leik, taka virkan þátt í leik og hafa frumkvæði að því að skipta um efnivið.

Tækifæri

Hópastarf mæti bæta – það er gaman að kynna ný þemu fyrir börnunum. Þau eru áhugasöm og taka þátt, auk þarf sjálfstraust og frumkvæði starfsfólks.

Lubbi finnur málbein- Hefði mátt vera markvissara en verkefnið hefur verið í þróun og það gengur þokkalega og börnin hafa gaman af.

10.1.4 Fagrákot

Styrkleikar

Í upphafi koma tók nýr deildarstjóri við deildinni sem lagði sig fram við að kynnast foreldrum og börnum.

Við gáfum frjálsa leiknum meira rými en við höfum áður gert.

Skapandi starf og listsköpun var einnig áberandi með þemu mánaðanna sem vakti mikla lukku í barnahópnum.

Tækifæri

Hefði viljað að Vináttuverkefnið Blær hefði verið meiri partur af starfinu okkar á Fagrákoti, stefnt er að útbótur á komandi skólaári

Auk þess hefði mátt sinna Tras vinnustundum örlítið betur, mannabreytingar og leyfi höfðu þar áhrif á.

Útiveru er ábótavant, þá sérstaklega með eldri hluta deildarinnar. Þar er tækifæri til úrbóta.

10.1.5 Geislakot

Styrkleikar

Styrkleikar Geislakots eru m.a. mikil útivera og hópaskipting í gegnum daginn. Það gefur börnunum rými til að vera inni í rólegheitum mest 10 saman á meðan hin börnin njóta þess að nýta útisvæðið sem best.

Annar styrkleiki er mikil áhersla er lögð á frjálsa leikinn og að styðja við börn í leik frekar en að vera í fyrirfram ákveðnum verkefnum. Reynt er að leggja áherslur á þætti námskrár í gegnum leik og í samverustundum.

Lýðræði og sjálfstæði – áhersla er lögð á að börnin skammti sér mat sjálf og stýra sjálf hvað þau setja á diskinn og hversu mikið og reynt að ýta undir að raddir barnanna heyrist.

Tækifæri

Það eru ýmsir þættir sem vinna má betur að, til dæmis að halda áfram að vinna að því að allt starfsfólk geti sinnt öllum verkefnum deildarinnar.

Auka má skapandi starf með meiri áherslu á sköpun barnanna og minni aðkomu fullorðinna að þeirra verkum.

Ýta áfram undir lýðræði barnanna

10.1.6 Krúkot

Styrkleikar

- Blær verkefnið hefur gengið vonum framar, allir foreldrar taka þátt og skila af sér sögu eftir hverja helgi og er gaman að lesa í samveru hvað fór fram hjá hverju barni fyrir sig um hvað barnið gerði með Blæ þá helgi.
Börnin fengu bakpoka sem innihélt stóra Blæ og bók þar sem foreldrar skrifuðu hvað barnið gerði með Blæ í helgarfríinu ásamt því að þau skreyttu blaðsíðurnar með myndum af Blæ í helgarfrí með viðkomandi barni. Það hefur gengið vel í samveru að hafa stóra Blæ. Bókin er svo lesin í samveru vikulega og fær barnið sem fór heim með Blæ þá helgi sérstakan stað í samveru þegar saga barnsins er lesin. Samstarfs milli heimilis og skóla fór fram úr væntingum okkar.
- Útivera hefur gengið vonum framar, höfum farið í göngutúra í nágrenninu.
- Lubbastundirnar hafa verið teknar og fara börnin í lubbastundir.
- Við höfum ekki verið mikið með umsjónarmenn þar sem börnin voru lítil þegar þau byrjuðu.
- Föndur – höfum verið að gera föndur út frá hugmyndum sem starfsfólk fær.

Tækifæri

- Við ætlum að halda áfram með Blæ verkefnið þar sem það hefur gengið vonum framar hjá okkur í Bakkakoti.
- Við munum halda áfram með aukna útiveru bæði á morgnana og seinni part dags. þar sem útiveran gerir dagamun hjá starfsfólki og börnum. Allir sáttir að fara út á morgnana og enda jafnvel daginn úti. Börnin fá aukna útrás og aukið sjálfstæði með því að finna sig í útveru og gera hluti sem þau vilja sjálf í leik. Skapið hjá börnunum verður jafnara yfir daginn með aukinni útiveru.
- Lubbastundirnar þurfa að vera meiri skipulagðari og hver starfsmaður þarf að vera fastur á sínum dögum og hvaða málhljóð á að taka fyrir.
- Hafa umsjónarmenn þegar þau eru orðin eldri og hafa skilning á hlutverki umsjónarmanna
- Föndur – hafa föndurmöppu með hverjum mánuði hvað á að gera hverju sinni og hafa það meira inn í skipulaginu sjálfu inn á deild.

10.1.7 Lóukot

Styrkleikar

Lóukot hefur unnið markvisst og skapandi með þemu mánaðarins og börn og starfsfólk tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum tengdum meðal annars umferðinni, tannheilsu, fjörunni, geimnum og mismunandi sögum. Útvera hefur gengið einstaklega vel og mikill metnaður verið lagður í fjölbreytt verkefni úti í garði og nærumhverfi í allskonar veðri. Börnin hafa tekið þátt í hópastarfi utandyra, farið í göngutúra á leikvelli og í heimsókn til selanna, auk þess að njóta samveru og sagnastunda í stóra garðinum okkar. Vináttuverkefnið Blær hefur gengið vel og foreldrar, börn og starfsfólk tekið virkan þátt. Gott skipulag hefur verið í kringum heimsóknarbókina og starfsfólk verið duglegt að vinna með sögurnar í vináttustundum. Skipulag á hópastarfi, matmálistímum og starfsemi almennt hefur gengið vel. Aðstoðarstjórnuverkefnið hefur einnig verið mjög farsælt og bæði börn og starfsfólk tekið virkan þátt með ánægju. Einnig hefur verið lögð áhersla á lestur og málörvun með reglulegum lestrarstundum fyrir börnin. Samvinna og starfsandi á Lóukoti hefur verið framúrskarandi. Starfsfólk hefur sýnt sveigjanleika, góð samskipti og fagmennsku í krefjandi aðstæðum og lagt sig fram um að finna sameiginlegar lausnir þegar upp koma áskoranir í barnahópnum. Mikil áhersla hefur verið lögð á hlýlegt, öruggt og kærleiksríkt umhverfi þar sem traust tengsl við hvert barn eru í forgrunni. Starfsfólk hefur sýnt mikla umhyggju, stutt vel við einstaklingsmiðaðan þroska barnanna og átt í góðu samstarfi við foreldra.

Tækifæri

Við viljum bæta skráningu á hópastarfi og nýta betur skráningarmöppurnar til að halda utan um hvað var gert í hópátímum og hvernig þátttaka barnanna var. Með markvissari skráningu verður auðveldara að fylgjast með framvindu barnanna, styðja samstarf starfsfólks og skapa betri yfirsýn yfir starfið. Einnig verður lögð áhersla á að starfsfólk sé betur undirbúið fyrir hópastarf og öruggara með skipulag og námsefni hvers hóps. Í listasmiðju viljum við leggja meiri áherslu á frjálsa sköpun barnanna. Markmiðið er að börnin fái meira svigrúm til að kanna, skapa sjálf og taka þátt í undirbúningi verkefna, án þess að áhersla sé lögð á „fullkomna“ útkomu. Við viljum einnig gefa verkefnum meiri tíma og rými. Við ætlum að vinna markvissar með Vináttuverkefnið Blær og nýta betur nýtt námsefni sem við höfum fengið. Með betra skipulagi í vináttustundum verður starfsfólk öruggara í verkefninu og betur í stakk búið til að velja verkefni sem henta hverjum aldurshópi. Einnig viljum við efla vinnu með Lubba, stafi og hljóð og vinna markvissar að málþroska og málskilningi, sérstaklega hjá elstu börnunum. Þar verður áfram lögð áhersla á að tengja saman hljóð, orð og stafi í gegnum leik og verkefni. Við viljum einnig skoða leiðir til að halda deildarfundi oftar, helst vikulega eða tvisvar í mánuði. Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að geta rætt mál og brugðist við aðstæðum strax, í stað þess að bíða fram að starfsdögum þar sem langt líður á milli. Að lokum viljum við bæta lesturstundir með börnunum með því að útskýra betur orð og hugtök, nálgast sögurnar á markvissari hátt og styðja þannig betur við málskilning og þátttöku barnanna. Við stefnum á að vinna með orð vikunar í haust.

10.1.8 Krummakot

Styrkleikar

Útivera og hreyfing gekk mjög vel yfir tímabilið. Farið var út nánast alla daga og oft bæði fyrir og eftir hádegi ef veður leyfði. Börnin fengu fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og útivistar. Við höfum farið í margar gönguferðir um hverfið eða niður að fjöru. Við höldum áfram með aukna útiveru.

Blær var hluti af samverustundum og táknar hann vináttu. Hann minnir okkur á gildi vináttu og veitir huggun, við notum Blæ í takt við aldur barnana í samveru. Þar að auki hefur skemmtilegt verkefni verið í gangi, börnin fengu bakpoka sem innihélt stóra Blæ og bók, foreldrar skrifuðu það sem börnin gerðu með Blæ í helgarfríinu, ásamt því að þau skreyttu blaðsíðurnar með myndum af börnunum með Blæ með sér í allskonar aðstæðum. Bókin er svo lesin í samveru vikulega og fær barnið sem fór heim með Blæ þá helgi sérstakan stað í samveru þegar sagan er lesin.

Lubbi hefur gengið mjög vel og er góð áætlun fyrir hvert máhljóð sem farið er eftir. Lubbastundir eru teknar reglulega og sitja börnin í lubba stundum og sýna áhuga. Lubbahillan er sýnileg og þægileg til notkunar og auðvelt að grípa í.

Tækifæri

Við höldum áfram með aukna útiveru, fara út við hvert tækifæri bæði fyrir og eftir hádegi, höldum áfram að fara í göngutúra í hverfinu og stefnum við að gera meira af þeim í sumar.

Við munum endurtaka leikinn á nýju skólaári með Blæ, þar sem verkefnið hefur gengið mjög vel og hafa starfsmenn, börn og foreldrar virkilega gaman að verkefninu.

Lubbastundir þurfa að vera meira skipulagðar eftir plani á ákveðnum tíma/daga og hver starfsmaður þarf að fá sinn lubba glugga eða skila inn x lubba stundum á viku.

Vill bjóða upp á að það verði í boði að vera umsjónarmaður, aðstoða með matinn og álíka, fyrir þau elstu.

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

10.2.1 Sælukot

Sælukot/ 1 árs- 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Að tryggja samfellu og gæði í málörvunarstarfi óháð breytingum á mönnun eða álagi í starfi.
Aðgerðir til umbóta-	- Útbúa skýra varaáætlun fyrir framkvæmd Lubba starfs. - Skipuleggja verkefni og efni þannig að auðvelt sé fyrir allt starfsfólk að taka þátt í framkvæmdinni. - Halda áfram reglulegri og markvissri málörvun í samverustundum og daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram með skráningum, umræðum á starfsmannafundum og athugunum á þátttöku og framförum barna.
Viðmið um árangur	Málörvun fer fram reglulega og markvisst yfir skólaárið og börn sýna aukna þátttöku og framfarir í málþroska.

Sælukot/ 1 árs -2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lífsgildi
Tækifæri til umbóta	Að efla skilning barna á lífsgildum og styrkja jákvæð samskipti í barnahópnum.
Aðgerðir til umbóta	- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, svo sem myndrænan stuðning, sögur og samræður. - Samþætta lífsgildi markvisst inn í daglegt starf og leik barna. - Leggja áherslu á jákvæða styrkingu og fyrirmyndir í samskiptum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 - júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram með athugunum, samtölum við börn og umræðum á starfsmannafundum.
Viðmið um árangur	Börn sýna aukinn skilning á lífsgildum í daglegum samskiptum og beita þeim í leik og starfi.



Sæluhot/ 1árs -2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Að styrkja skipulag og samfellu í hópastarfi þrátt fyrir álag eða breytingar á mönnun.
Aðgerðir til umbóta	• Viðhalda skýru skipulagi og mánaðarplani fyrir hópastarf. • Aðlaga verkefni að mönnun hverju sinni. • Efla samvinnu starfsfólks við undirbúning og framkvæmd hópastarfs.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat fer fram með skráningum, reglulegum fundum og athugunum á þátttöku barna.
Viðmið um árangur	Hópastarf fer fram reglulega og börn sýna virkni, áhuga og þátttöku í verkefnum.



10.2.2 Sunnukot

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Börnin fari í Lubbastund amk 1x viku.
Aðgerðir til umbóta	Setja fram skýrt plan með hópaskiptingu.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september/október 2026 – lokið maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Janúar og svo aftur í maí. Matsfundur með starfsfólki deildarinnar og fundargerðir.
Viðmið um árangur	Börnin læri að raula með lögum, læri táknið og öðlist betri skilning á málhljóðunum.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla frumkvæði og ábyrgð starfsfólks á deildinni (sérstaklega í Lubba- og Blæ stundum).
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk taki frumkvæði.
Aðgerðir til umbóta	Setja fram skýrt plan sem allt starfsfólk tekur þátt í að skipuleggja. (t.d. vikuplan þar sem starfsfólk velur sér daga og ef ekki er gert á þeim degi eru aðrir dagar vikunnar nýttir í verkefnið).
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Janúar og svo aftur í lok maí. Matsfundur með starfsfólki deildarinnar.
Viðmið um árangur	Að málörvunarstundir séu markvissari og að starfsfólk sé öruggara með að taka upplýstar ákvarðanir.

10.2.3 Bjartakot

Deild/aldur barna:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Efla starfsmenn til þáttöku.
Aðgerðir til umbóta	Lubbastundir reglulegri og að lágmarki 1x í viku.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept '26 - maí '27.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við starfsmenn. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum og fundargerðir.
Viðmið um árangur	Að börnin þekki málhljóðin. Mat á útfylltu skráningarblöðum

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vináttuverkefnið Blær
Tækifæri til umbóta	Efla starfsmenn til þáttöku. Kenna börnunum gildi kursteisi, samkenndar og vináttu.
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi verkefnisins. Hafa fasta daga þegar Blær er í samveru.
Ábyrgð	Ábyrgð deildarstjóra. Allt starfsfólk framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept '26 – maí '27.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við starfsmenn. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum og fundargerðir.
Viðmið um árangur	Að börnin þekki lífsgildin betur og gildi vináttuverkefnisins. Mat á útfylltu skráningarblöðum

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Efla starfsfólk til þáttöku og auka listsköpun. Breytt aldursamsetning deildar hefur áhrif og þarf að aðlaga starf samkv. því.
Aðgerðir til umbóta	Meta verkefni eftir hvern mánuð og aðlaga ef þörf krefur.
Ábyrgð	Ábyrgð deildarstjóra. Allt starfsfólk framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept '26 – maí '27.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við starfsmenn. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum og fundargerðir
Viðmið um árangur	Listasýning í lok annar þar sem sköpun barna og framfarir eru sýnilegar

10.2.4 Fagrákot

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Innleiða í samverur amk einu sinni í viku. Það hefur tekist vel þarf að vera markvissara og fyrir öll börnin.
Aðgerðir til umbóta	Lubbastund í samveru einu sinni í viku, setja inn á skipulag deildar þar sem þetta er fyrir augum allra starfsmanna á deildinni.
Ábyrgð	Starfsmenn deildar og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Maí 2027
Viðmið um árangur	Lubbi sé amk tekinn 3x í mánuði í hvorri samveru fyrir sig.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útivera
Tækifæri til umbóta	Breyta viðhorfi til útiveru
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjóri hvetur fólk til þess að líta jákvætt á daglega útiveru með aukinni vitundarvakningu á tækifæri til kennslu í fjölbreyttri útiveru.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf í sept 2026 og lok maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Myndræn skráning.
Viðmið um árangur	Útivera a.m.k einu sinni á dag

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vináttuverkefnið Blær
Tækifæri til umbóta	Innleiða vináttufundi í samverustundir einu sinni í viku.
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjóri prentar út skráningarblað fyrir vináttustundir með Blæ fyrir báðar samverur. Gera efnivið aðgengilegri og leiðbeina starfsfólki í notkun á kennsluefninu. Auka vitundarvakningu um forvarnir gegn einelti
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf í sept 2026 og lok maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningarblað fyrir Blæ. Fundir á starfsdögum
Viðmið um árangur	Vináttustund með Blæ a.m.k. einu sinni í viku

10.2.5 Geislakot

Geislakot-elstu börn	
Umbótaþáttur/matsþáttu	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Að börnin læri að þekkja hljóðin í Lubba, geti gert tákinn, sungið lögin og þekki stafina í sjón.
Aðgerðir til umbóta	Stefnt er á að dýpka skilning barnanna á málhljóðunum, það er gert með vikulegri málörvun þar sem eitt málhljóð er tekið fyrir í einu. Framkvæmd verður m.a. með reglulegum deildarfundum og að ákveðin vakt á deildarplani sinni stundunum. Þannig rúllar það sanngjarnt á milli allra og allir taka virkan þátt.
Ábyrgð	Öll eiga að bera ábyrgð á Lubba. Sé deildarstjóri ekki viðstaddur ætti hver sem er að geta gripið boltann samkvæmt plani. Það þarf þó að vinna betur að því að allt starfsfólk sé virkt í þessu starfi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst núna vor 2026 og lýkur vor 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með umræðum á deildarfundum og fundargerðir
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur er þegar allt starfsfólk treystir sér til að grípa í Lubba bókina og geta verið með stund án þess að undirbúa sig sérstaklega.

Geislakot-elstu börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Veðurfræðingur
Tækifæri til umbóta	Halda áfram að vinna markvisst með veðurfræðing á hverjum degi á Geislakoti.
Aðgerðir til umbóta	Með því að leggja áherslu á vaktaplanið, þannig rúllar þetta þannig að allir eiga ákveðna viku sem þeir bera ábyrgð á stundinni.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar ber ábyrgð
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Með deildarfundum og fundargerðum
Viðmið um árangur	Þegar allt starfsfólk er farið að taka virkan þátt að stýra veðurfræði og þeir sem ekki stýra sitja hjá börnunum á meðan.

10.2.6 Kríukot

Kríukot – 18 mánaða – 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Halda áfram að hafa Lubba í hópastarfi þar sem börnin fá að kynnst honum enn frekar og læra máhljóðin.
Aðgerðir til umbóta	Halda áfram að fara eftir plani og að hver starfsmaður tekur frumkvæði á að fara í Lubbastund.
Ábyrgð	Starfsfólk og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar – maí / sept – nóv
Hvenær og hvernig á að meta?	Taka hvern hópstjóra í viðtal hvernig Lubbastundir ganga fyrir sig, hafa skráningamöppu þar sem hver og einn starfsmaður skráir hvað gekk vel og hvað má betur fara í lubbastundum.

Kríukot – 18 mánaða – 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Blær fer í heimsókn
Tækifæri til umbóta	að kynnst Blæ enn frekar og læra máhljóðin. Halda áfram með verkefnið Blær fer í heimsókn
Aðgerðir til umbóta	Kynna foreldra fyrir Blæ á haustin og segja frá verkefninu sjálfu þannig foreldrar eru meðvitaðir um verkefnið og hvað það gengur út á. Minna svo foreldra á það aftur í janúar og kynna hann enn frekar og hvernig þetta verkefni er.
Ábyrgð	Starfsfólk og deildarstjóri / foreldrar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Feb – júní – Blær fer í heimsókn
Hvenær og hvernig á að meta?	Tala við aðra deildarstjóra hvernig gengur á þeirra deild með verkefnið. Bókin sjálf er ákveðin skráning hvernig gengur með verkefnið þar sem starfsfólk og deildarstjóri sjá hver er búin að skrifa í bókina og hver ekki. Nafnalisti upp á vegg er líka gott viðmið hvenær verkefnið byrjar og hvenær það lýkur. Farið er yfir bókina eftir hverja heimsókn eins og er gert í samveru með börnunum og lesið með þeim.

Kríukot – 18 mánaða – 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útivera
Tækifæri til umbóta	Hafa útiveru meira skipulagða, gera meira með þeim í útiveru, nýta garðinn á bakvið meira og fara í leiðangur með þeim elstu á deildinni.
Aðgerðir til umbóta	Fara eftir blaði upp á vegg þar sem að hver og einn hópur er skráður í útiveru að minnsta kosti 2x í viku. En svo er það þannig að við förum út með alla oftast á morgnana og seinnipartinn.
Ábyrgð	Starfsfólk og deildarstjóri - útivera
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	útivera– allan ársins hring
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Tala við starfsfólk og fara eftir planinu á veggnum með útiveru.

Kríukot – 18 mánaða – 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Föndur
Tækifæri til umbóta	Föndra meira og hafa meira skipulag þegar kemur að föndri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skrá hvaða föndur á að gera og hvaða barn er búið að föndra.
Ábyrgð	Starfsfólk og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allan ársins hring
Hvenær og hvernig á að meta?	Hafa skráningar yfir hver er búin að föndra og hvað er verið að föndra hverju sinni.



Kríukot – 18 mánaða – 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samveru og söngstund saman og aukið flæði milli deilda.
Tækifæri til umbóta	Gera daginn þeirra meira eftirminnanlegan, Efla venskapinn á milli deilda hjá börnunum og auka lýðræði þeirra meira.
Aðgerðir til umbóta	Vera með ákveðið skipulag og skráningar. Skiptast á að vera samverustundir og söngstundir.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Jan – júní / okt – des
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórar taka stöðuna þegar líður á og hvernig gekk og hvað má betur fara og tekur stöðuna á starfsfólki hvernig þeim líkar.
Viðmið um árangur	Vera með skipulag og fylgja því eftir og vera duglegar að taka stöðuna.



10.2.7 Lóukot

Lóukot	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Við viljum nota Lubba efnið oft og nýta það betur í starfi. Sjá framfarir hjá börnunum í að þekkja hljóðin, að börnin byrji að mynda orð úr hljóðum og skrifa stafinn sinn.
Aðgerðir til umbóta-	Sjónrænt plan yfir hvaða daga hóparnir vinna með Blæ í hópastarfi. Allt Lubba efni verður á föstum stað svo auðvelt sé að grípa í. Skoða skráningarmöppur fyrir hugmyndir.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat deildarstjóra
Viðmið um árangur	Starfsfólk leggur sig framm í að styðja börnin við þessi markmið og skráir hvernig gekk í skráningarmöppuna svo hægt sé að fylgjast með því.

Lóukot	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vináttuverkefnið Blær
Tækifæri til umbóta	Við höldum áfram með að Blær fer í heimsókn til barnanna. Skipuleggja okkur betur í Blæ stundum. Fjölbreyttara hópastarf með Blæ.
Aðgerðir til umbóta-	Sjónrænt plan yfir hverjir eiga taka Blæ með heim í heimsókn– upplýsingaflæði fyrir foreldra. Sjónrænt plan yfir hvaða daga hóparnir vinna með Blæ í hópastarfi. Skipuleggja verkefni út frá Vináttu verkefnabókinni. Allt Blæ efni verður á föstum stað. Skoða skráningarmöppur fyrir hugmyndir.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat deildarstjóra
Viðmið um árangur	Foreldrar, starfsfólk og börn taka virkan þátt í heimsóknunum. Starfsfólk vinnur með fjölbreyttari verkefni í Blæ stundum.



Lóukot	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Nýta betur skráningarmöppurnar til að halda utan um hvað var gert í hópastarfi. Þegar að það er ekki verið að vinna með Lubba og Blæ þá má vinna með fjölbreytt verkefni til að styðja við þroska – hugsa út fyrir rammann.
Aðgerðir til umbóta-	Hafa skráningarmöppurnar á föstum stað, sýna starfsfólki dæmi um hvernig má skrá hvernig gekk. Skoða skráningarmöppur fyrir hugmyndir af hópastarfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat deildarstjóra
Viðmið um árangur	Starfsfólk skráir hvernig gekk í hópastarfi og deilir hugmyndum sín á milli.



10.2.8 Krummakot

Krummakot : 18 mánaða til 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Halda áfram með Lubba í hópastarfi. Fara í málhljóðin og fá að kynnst Lubba meira. Hafa skipurlag á málhljóðum og leggja áherslu á málhljóð sem mega betur fara.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að efla Lubbastundir með því að hafa þær reglulega og markvissar. Fara eftir áætlun og að hver starfsmaður tekur frumkvæði á að fara í Lubbastund. Að Lubbastund sé skemmtilegt og hvetjandi aðferð til þess að læra málhljóðin.
Ábyrgð	Starfsmenn og deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	janúar - maí & sept - nóv
Hvenær og hvernig á að meta?	Föndur - Tala saman starfsmenn og deildastjóri. Fylla út Lubba blað, haka í box þegar málhljóð er búið.
Viðmið um árangur	Halda áfram að hafa skráningarlistann upp á vegg fyrir Lubba þar sem starfsólk merkir við þegar er

Krummakot : 18 mánaða til 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Blær fer í heimsókn
Tækifæri til umbóta	Halda áfram með Blæ í samveru og heimsóknar verkefnið.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að efla Blæstundir með því að hafa þær reglulega í samveru og tengja þær við vináttu, tilfinningar og samskipti. Kynna foreldrum fyrir Blæ á haustin og segja frá verkefninu sjálfu þannig foreldrar eru meðvitaðir um verkefnið og hvað það gengur út á. Minna svo foreldra á það aftur í janúar og kynna hann enn frekar og hvernig þetta verkefni er.
Ábyrgð	Starfsmenn, deildastjóri og foreldrar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Blær fer í heimsókn – jan - júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Tala við aðra deildastjóra um hvernig Blær gengur á þeirri deild. Skráningar í ferðabók
Viðmið um árangur	Blær – Fylgja plani, að Blær sé á ákveðnum dögum, Verkefnið, þá segir bókin sjálf til um að foreldrar séu að fylla hana út og að hún sé send með börnum.

Krummakot : 18 mánaða til 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útivera
Tækifæri til umbóta	Halda áfram með aukna útiveru
Aðgerðir til umbóta	Til að efla útiveru barnanna er lögð áhersla á að fara út fyrir hádegi daglega, og fara út eftir hádegi ef ekki var farið fyrir hádegi árið verður út í minni hópum þegar það hentar og útiveran aðlöguð að veðri, dagsformi og þörfum barnanna.
Ábyrgð	Útivera - Starfsmenn og deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Útiveran er alltaf fastur liður í leikskólastarfinu, við notumst við blað sem notað er daglega. Fundur saman.
Viðmið um árangur	Útiveran er alltaf fastur liður í leikskólastarfinu, við notumst við blað sem notað er daglega, sem stökast út en sýnir foreldrum útiveru og aðra hluti.

Krummakot : 18 mánaða til 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Föndur
Tækifæri til umbóta	Halda áfram með áherslu á fjölbreytt föndur
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að efla föndur með því að bjóða börnunum reglulega upp á einföld og aldurshæf verkefni sem styðja við sköpun, fínhyrtingar og skynjun. Lögð verður áhersla á fjölbreyttan efnivið og að börnin fái að prófa sig áfram á eigin forsendum með stuðningi starfsfólks.
Ábyrgð	Starfsmenn og deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Föndur – Allt árið
Hvenær og hvernig á að meta?	Föndur - Tala saman starfsmenn og deildastjóri.
Viðmið um árangur	Föndur – Að það séu listaverk á veggjum.

Krummakot : 18 mánaða til 2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samvera og söngstund saman inn í sal á föstudögum. Heimsókn á milli deilda.
Tækifæri til umbóta	Samvera og söngstund saman inn í sal á föstudögum. Til að gera daglegt starf fjóbreyttara og eftirminnilegra fyrir börnin. Svo þau fái að sjá og hitta önnur börn innan leikskólans og geti myndað tengsl. Skemmtileg tilbreyting. Heimsóknir á milli deilda, er mikilvæg upp á að breyta til í umhverfinu og efla félagsleg tengsl á milli barna. Fara með börninn í minni hópum í heimsókn. Gera daginn þeirra meira eftirminnilegan, efla venskap á milli deilda. Einnig er gott að þau fái að sjá og skoða sig um í nýju umhverfi. Þar að auki er mikilvægt að undir búa eldri börnin á að ef þau eru að fara á aðra deild seinna meir.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að efla söngstundir/samveru saman (allar deildir) með því að hafa þær reglulega á t.d föstudögum og hittast í sal á ákveðnum tíma. Heimsóknir, ræða á deildastjórafundum vikulega, að hafa minni hóp sem fara í heimsókn á deild í fylgd með hópstjóra.
Ábyrgð	Samvera/söngstund : Deildastjórar af öllum deildum – Starfsmenn deildar Heimsóknir : Deildastjórar af deildum sem heimsókn er á og þau sem eru að fara í heimsókn – Starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar- júní & sept - nóv
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildastjórar taka það fyrir á fundi og ræða hvernig hefur gengið með söngstund. Fylgjast með þátttöku, áhuga og líðan barna. Sama á við með heimsóknir.
Viðmið um árangur	Vera með skipulag t.d eins og hafa alltaf söngstund á föstudögum kl 9:00 og fylgja því eftir. Með heimsóknirnar væri hægt að gera plan fyrir hvern hóp og hópstjóra. Reyna að miða við heimsókn fyrir hvern hóp 1-2 í mánuði.



F. h. leikskólans Korpukot

Kristín Björk Viðarsdóttir 29.06.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning

Unnið af:
Kristínu Björk Viðarsdóttur
og
Katrínu Maríu Emilsdóttir
Vor 2026



10.3 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskóla LFA, Bakkakots og Korpukots hefur kynnt sér greinagerð leikskólastjóra og starfsáætlun fyrir skólaárið 2026-2027.

Starfsáætlunin er skýr, vel uppsett og auðlesanleg. Hún veitir góða yfirsýn yfir starfsemi leikskólans og þau markmið sem unnið er að. Áherslur áætlunarinnar virðast vera í góðu samræmi við starf síðasta árs og þá þróun sem átt hefur sér stað.

Það er ánægjulegt að sjá hversu vel sameining Korpukots og Fossakots virðist hafa gengið og gaman að sjá leikskólann fullan af lífi. Jákvætt er að styrkleikar og tækifæri einstakra deilda séu dregin fram, auk þess sem verkefni á borð við Lubba finnur málbein og vináttuverkefnið Blæ endurspegla metnaðarfullt starf með börnunum. Frábært er að sjá hvað unnið er vel með útikennslu og nýtingu á nærumhverfið. Í Bakkakoti er frábær aðstaða til útivistar fyrir börnin. Þar hafa þau nýtt sér nærumhverfið vel til útivistar. Í nálægð við Bakkakot er fjara þar sem starfsfólk Bakkakots eru mjög dugleg að fara með börnin. Þar fræðast þau um náttúruna, skoða fuglalífið, sjá seli, týna skeljar og steina.


Gaman er að sjá að markvisst sé unnið með niðurstöður kannana og samtala og að skýr sýn sé á þau umbótaverkefni sem fyrirhuguð eru. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði fylgt vel eftir.

Einnig er áhugavert að sjá fjölbreytt framboð námskeiða og fræðslu fyrir starfsfólk. Vel mætti skoða hvernig hægt sé að tryggja enn frekar að allt starfsfólk fái tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar.


Að lokum væri gaman að sjá ítarlegri umfjöllun um Bakkakot í starfsáætluninni. Að öðru leyti hefur Foreldráð ekki athugasemdir við starfsáætlunina.

Foreldraráð LFA þakkar starfsfólki fyrir gott samstarf, fagmennsku og umhyggju í starfi og hlakkar til áframhaldandi samstarfs á komandi ári.


Reykjavík, 12. júní 2026




Aldís Gróa Sigurðardóttir




María Ósk Felixdóttir



Karen Ösp Birgisdóttir



Sonja Pálsdóttir



Kristín Anna Erlingsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

